

**32203**

## Diethyl Ether

### 1. Upplýsingar um vöru, seljanda og framleiðanda

Heiti efnis:	Diethyl Ether
Númer efnis:	32203
Söluaðili:	GRÓCO ehf
Símanúmer söluaðila:	568 8533
Neyðarlínan; sjúkrabífreidd, slökkvilið og lögregla:	112
Eitrunarmiðstöð Landspítalans:	543 222

### 2. Innihaldsupplýsingar / samsetning efnis

CAS nr:	60-29-7	Hreinleiki:	≥ 99.8% (GC)
ESB nr:	2004672	Efnaformúla:	(CH <sub>3</sub> CH <sub>2</sub> ) <sub>2</sub> O
Styrkur %:	Á ekki við	Mólmassi:	74,12 g/mól

### 3. Varúðarupplýsingar

Hættuflokkun F: Fx – Xn  
Nánari upplýsingar:  
Sjá liði 4, 11 og 15



### 4. Skyndihjálp

Eftir Innöndun:	Færið viðkomandi í ferskt loft. Ef viðkomandi andar ekki, beitið öndunarhjálp. Ef viðkomandi á í öndunarerfiðleikum, gefið súrefni.
Snerting við augu:	Skolið augu strax með miklu vatni í a.m.k. 15 mínútur.
Snerting við húð:	Hreinsið húð strax með sápu og miklu vatni.
Eftir Inntöku:	Hreinsið munn með vatni ef viðkomandi er ekki meðvitundarlaus. Hafið samband við lækni.

## 5. Bruni / aðferðir við að slökkva eld

*Efni/aðferdir:* Fyrir minni elda, notið alkohól-froðu, þurr-efni eða koldíoxíð. Fyrir stærri elda, beitið miklu vatni úr eins mikilli fjarlægð og mögulegt er. Notið mikið magn vatns í formi úða, beinar bunur gætu reynst árangurslausar. Kælið allar umbúðir með miklu vatni.

*Aðrar upplýsingar:* Eldfimt, losar eiturgufur í eldi. Sprengihætta, eldur getur komist í ílát með gufum úr þónokkuri fjarlægð. Umbúðir geta sprungið í eldsvoða. Notið lokaðan hlífðarbúnað við slökkvistörf.

## 6. Efnaleki

*Varúðarráðstafanir varðandi efnaleka:* Rýmið svæði. Slökkvið á öllum neistagjöfum. Ekki nota áhöld sem geta gefið af sér neista.

*Æskilegur hlífðarfatnaður:* Notið öndunarbúnað, gúmmístígvél og þykka gúmmíhanska.

*Hreinsunaraðferðir:* Hyljið með þurru kalki, sandi eða vatnssnauðu  $\text{Na}_2\text{CO}_3$ . Setjið í lokað ílát með áhöldum sem geta ekki gefið af sér neista og flytjið utandyra. Loftræstið svæðið og þvoið spillisvæði eftir upphreinsun.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

*Meðhöndlun:* Innandið ekki gasi. Látið ekki komast í snertingu við augu, húð og fatnað. Forðist langvarandi eða endurtekna nærveru við efni.

*Geymsla:* Hafið ílát þéttlokað. Haldið frá hita, neistum og opnum eld.

# Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglugerð nr. 1027/2005

## 8. Eftirlit með mengun / persónulegur hlífðarbúnaður

### Persónuhlífar:

*Fyrir öndunarveg:* Ef áhættumat gefur til kynna að notast verði við öndunar-hreinsigrímur notið viðurkenda andlitshyljandi grímu.

*Fyrir augu:* Öryggisgleraugu

*Fyrir hendur:* Hlífðarhandskar

*Fyrir húð:* Miðist við magn þess sem unnið er með

## 9. Efna- og eðliseiginleikar

### Við hitastig eða þrýsting

<i>Eðlisástand:</i>	Vökvi	
<i>Útlit (litur):</i>	Litlaust	
<i>Sýrustig pH:</i>	Ekki tiltækt/á ekki við	
<i>Bræðslumark:</i>	-116,0 °C	
<i>Suðumark:</i>	34,6 °C	760 mmHg
<i>Blossamark:</i>	-40,0 °C	
	Aðferð: Closed Cup	
<i>Hætta á sjálfsviðveikju</i>	160 °C	
<i>Sprengimörk</i>		
<i>Efri:</i>	48 %(V)	
<i>Neðri:</i>	1,8 %(V)	
<i>Gufunarþrýstingur:</i>	442,552 mmHg	20 °C
<i>Mólmassi:</i>	74,12 g/mól	
<i>Eðlismassi:</i>	0,706 g/cm <sup>3</sup>	
<i>Leysanleiki í vatni:</i>	Ekki tiltækt/á ekki við	
<i>Annað:</i>	Þéttleiki gass: 2,6 g/l	

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

*Stöðugleiki:* Stöðugt, getur myndað peroxíð af óþekktum stöðugleika.

# Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglugerð nr. 1027/2005



*Efni sem skal varast:* Oxunarmiðlar, sterkar sýrur.

*Aðstæður sem skal varast:* Ljós, hiti, loft.

*Hættuleg niðurbrotsefni:* Kolmónoxíð, koldíoxíð

*Hættuleg efnahvörf:*

## 11. Eiturefna upplýsingar

*Snerting við húð:* Getur verið skaðlegt og ertandi í snertingu við húð.

*Snerting við augu:* Ertandi.

*Við Innöndun:* Getur verið skaðlegt við innöndun. Er mjög eyðandi á slímhúð og efri hluta öndunarvegs.

*Við Inntöku:* Skaðlegt við inntöku.

*Frekari upplýsingar:*

## 12. Hættur gagnvart umhverfinu

*Hegðan í umhverfinu:* Engar upplýsingar tiltækar

*Aðrar vistfræðilegar uppl.:* Engar upplýsingar tiltækar

## 13. Förgun

*Förgun vöru:* Fargist í efnabrennslu en gætið sérstakrar varúðar þar sem efnið er mjög eldfimt. Farið eftir öllum umhverfislögum og reglum. Hafið samband við sérhæfðan förgunaraðila (Efnamóttakan hf.) með lagaheimild til að farga þessu efni.

*Förgun umbúða:* Fargist sem ónotuð vara.

# Öryggisblað (MSDS)

Skv. reglugerð nr. 1027/2005



## 14. Flutningur

### Flutningur á landi - ADR/RID

UN nr: 1155 Flokkur: 3 PG: I Heiti við flutninga: Diethyl ether eða Ethyl ether

### Flutningur á sjó - IMDG

UN nr: 1155 Flokkur: 3 PG: I Heiti við flutninga: ETHYL ETHER

Sjávar-mengandi: Nei Mjög Sjávar-mengandi:

### Flutningur í lofti - ICAO/IATA

UN nr: 1155 Flokkur: 3 PG: I Heiti við flutninga: Diethyl ether eða Ethyl ether

## 15. Upplýsingar um lög reglur sem varða notkun vörunnar

Varnaðarmerkingar: Skv. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og tilskipunum ESB

Varnaðarmerki: Sjá lið 3:

H-setningar: 12 – 19 – 22 – 66 – 67

Blandaðar:

Afar eldfimt. Getur myndað sprengifim efnasambönd (peroxíð). Hættulegt við inntöku. Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð. Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.

V-setningar: 9 – 16 – 29 – 33

Blandaðar:

Geymist á vel loftræstum stað. Haldið frá hita- og neistagjöfum - Reykingar bannaðar. Má ekki losa í niðurfall. Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafragnni.

Íslensk sérlög, reglugerðir eða reglur sem um vöruna gilda:

Reglur um efnanotkun á vinnustöðum nr. 496/1996

## 16. Aðrar upplýsingar

Dagsetning: 9/24/2007

Kerfissmiður: Benedikt Ómarsson

Íslenskun: Útskriftarnemar í efnafræði við Háskóla Íslands

Annað: Öryggisblöð innihalda mikilvægar sem og nauðsynlegar upplýsingar um geymslu, meðhöndlun og notkun vörunnar. Öryggisblöðin þurfa að vera aðgengileg öllum þeim sem umgangast vöruna.